

Fundur vegna hugsanlegra sameiningar ungmennafélaga þann 16.apríl 2018 kl. 14:00.

Staður: Íþróttahúsið Flúðum

Mættir: Árni Þór Hilmarsson og Gunnar Sigfús Jónsson, Helgi oddviti Bláskógarbyggðar komst ekki.

Árni byrjaði á því að sýna aðstöðuna sem þeir hafa.

Árni hélt kynningu um mikilvægi hreyfingar og hugsanlega útfærslu að sameiningu, sama kynning og hann var með fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Árni telur að með sameiningu ungmennafélaga verði til sterkari liðsheild og það verði auðveldara að fá fagfólk til starfa við flestar æfingar.

Kom hann með þá hugmynd að nýta aðstöðu í öllum bæjarfélögum og það væri hægt að nýta skólaakstur betur til að koma börnum á æfingar í bæjarfélögunum. Einnig að skipuleggja æfingar þannig að þær samræmist stundartöflu skólanna.

Gunnar kom með þær athugasemdir að þetta gæti haft áhrif á uppbyggingu íþróttahúss í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Er hræddur um að engin uppbygging yrði á öðrum svæðum en á Flúðum og þar af leiðandi færist öll starfsemi þangað.

Fundið slitið 15:00